

Heilsuleikskólinn Fífusalir

**Starfsáætlun
2017-2018**



Efnisyfirlit

Heilsuleikskólinn Fífusalur	2
Lýsing á húsnæði og lóð leikskólans	2
Námskrá og uppeldislegar áherslur	2
John Dewey	2
Berit Bae	2
Virðing	3
Uppgötvun	3
Samvinna	3
Mat á starfinu, matsaðferðir	3
Innra mat í leikskólum	3
Ytra mat leikskóla	3
Niðurstöður úr starfsánægjukönnun	4
Gátlisti Heilsustefnunnar	4
Mat á námi og velferð barna	5
HLJÓM-2	5
EFI-2	5
Mat á starfi síðastliðins árs	5
Endurmat skólaársins 2016 – 2017	5
Umbótaáætlun fyrir 2017-2018	6
Starfsáætlun næsta leikskólaárs	6
Sérkennsla	6
Áætlun um sérstakan stuðning við nemendur heilsuleikskólans Fífusala.	6
Fatlaðir og langveikir nemendur	7
Nemendur með hegðunar-og geðraskanir	7
Nemendur sem þarfnast örvunar í máli eða félagsfærni	7
Nemendur sem þurfa sérstakan stuðning er falla ekki undir viðmið um úthlutun	7
Daglegt skipulag	8
Skipulagsdagar	8
Fjöldi barna, aðlögun og útskrift	8
Þróunar- og nýbreytnistarf	9
Vináttuverkefni Barnaheilla	9
Nordplusverkefni	9
Kynning á leikskólanum	9
Samstarf	10
Foreldrasamstarf	10
Foreldrafélag og foreldraráð	10
Samstarf við aðrar stofnanir bæjarins	10
Starfsmenn	11
Fæðingarorlof	11
Langtímaveikindi	11
Fundir	11
Skipulagsdagar 2016 – 2017	12
Endur- og símenntunaráætlun	12
Öryggismál	12
Lokaorð	13
Viðaukar	14
Leikskóladagatal	14
Skipurit leikskólans	15
Verklag vegna sérkennslu	16
Verklag vegna erfiðra mála	17
Umbótaáætlun	18

Heilsuleikskólinn Fífusalir

Lýsing á húsnæði og lóð leikskólans

Heilsuleikskólinn Fífusalir er sex deilda leikskóli. Húsið er á einni hæð, grunnflötur er 776 m² þar af er leikrými 445 m² fyrir 111 börn samtímis í 6 - 9 tíma dvöl. Húsnæðið skiptist í tvo ganga sem eru með þrem deildum hvor, og miðrými með matsal, Leikvangi (íþróttasal) og Smiðju (listsköpun). Eldri deildir leikskólans nefnast Hóll, Hlíð og Hæð. Yngri deildir leikskólans nefnast Lind, Lækur og Laut. Lóðin er 3325 m², kominn er tími á að yfirfara lóðina og lagfæra ýmislegt.

Fífusalir er opinn leikskóli, það er að segja fyrir utan þær tvær stofur sem hver deild hefur, en annars er samnýting á íþróttasal, listasmiðju, matsal og göngum.

Námskrá og uppeldislegar áherslur

Á grunni Aðalnámskrár leikskóla frá 2011 og námskrár leikskóla Kópavogs hafa kennarar Heilsuleikskólans Fífusala mótað sína skólanámskrá og var hún gefin út 16. nóvember 2011, á tíu ára afmæli skólans. Ný og endurskoðuð námskrá var tilbúin í maí 2015.

<http://fifusalir.kopavogur.is/media/um-skolann/namskra2015.pdf>

Í leikskólanum er lögð áhersla á heilsuefandi lífarni og góð samskipti. Þann 8. maí 2013 fékk leikskólinn heilsufánann og var þar með orðinn aðili í Samtökum heilsuleikskóla. Heilsustefnan er íslensk, Unnur Stefánsdóttir heitin er höfundur að henni. Markmiðið er að stuðla að heilsuefingu í leikskólasamfélaginu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Sjá nánar á www.heilsustefnan.is.

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og hugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast. Við í Fífusölum störfum eftir kenningum John Dewey og Berit Bae.

John Dewey

John Dewey lagði áherslu á uppgötvunarnám, það er að börn læri í gegnum leikinn með því að prófa sig áfram. Hann mælti hvorki með algjöru frelsi né valdboði, heldur því sem hægt er að kalla lýðræðislegar aðferðir. Samkvæmt Dewey eiga börnin að velja sér verkefni sjálf, verkefnin ættu að vera vel skipulögð og markviss svo börnin geti gert sér grein fyrir tilgangi vinnunnar. Dewey fjallaði um lýðræði og menntun, hann taldi að hluti af menntun séu tengsl okkar við umhverfið og náttúruna. Námið á að leiða til þekkingar, ekki bara til að muna staðreyndir heldur til að geta rökstutt þær. Dewey lagði áherslu á ferlið en ekki útkomuna.

Börnin í Fífusölum fá tækifæri til að vinna í lýðræðislegri samvinnu við kennara sína og vini. Kennarar Fífusala treysta getu og hæfni hvers barns til að efla eigin þekkingu og hvetja þau til að nýta sína hæfileika. Með þessu er lagður grunnur að sterkum, sjálfstæðum einstaklingi sem tekur ábyrgð á sjálfum sér.

Berit Bae

Samskiptastefna okkar er sprottin af kenningum Berit Bae og notum við opnar spurningar, t.d. hvað, hvernig og hvers vegna, til að styðja þau í þekkingarleit sinni til náms. Mikilvægt er að kennarar og börn séu meðvituð um samskipti sín á milli og hlúi vel að þeim, þar sem samskipti eru eitt af okkar helstu verkfærum til náms. Samkvæmt Bae þurfum við að skoða hvað það er sem hefur áhrif á samskipti okkar. Hún skiptir því upp í innri og ytri þætti. Innri þættirnir tengjast kennaranum, t.d. hvaða fagþekkingu hann hefur, hvaða viðhorf hann hefur til einstaklingsins sem og fyrri reynsla.

Ytri þættirnir eru þeir sem hafa áhrif á samskipti okkar innan skólans sem og leikskólaumhverfið og samfélagið.

Kennarar bera virðingu fyrir upplifun hvers og eins. Bae segir að góður kennari þurfi að geta lifað sig inn í heim barnsins, hlustað og sýnt tilfinningum þeirra skilning. Kennarar stjórna ekki umræðum út frá fyrirfram ákveðnu efni heldur hlusta á það sem börnin hafa að segja. Mjög mikilvægt er að virða ákvörðunarrétt barnsins þegar það hefur val, ef barnið segir: „nei, ég vil ekki“ eða: „langar ekki“ þá verðum við að virða það, svo lengi sem það skaðar ekki barnið eða aðra í kringum það. Grundvallaratriði í viðurkennandi samskiptum við börn er að staðfesta þeirra upplifun og tilfinningar. Einnig segir Bae að hver kennari þurfi að skoða sín eigin samskipti og hugsa: „*hvað* segi ég og *hvernig* segi ég það?“

Einkunnarorð Fífusala, **virðing – uppgötvun – samvinna**, eru sprottin af þessari hugmyndafræði. Þau eiga við bæði börn og kennara og marka allt daglegt starf.

Virðing

Við leggjum áherslu á að börnin beri virðingu og taki tillit til hvers annars og efli þannig skilning á tilfinningum og þörfum sínum sem og annarra. Lagt er upp úr góðu samstarfi, trausti og gagnkvæmri virðingu á milli barna, starfsfólks, heimilis og skóla.

Uppgötvun

Barnið öðlast reynslu með uppgötvun í leik án þess að kennarar gefi þeim lausnir. Endapunkturinn skiptir ekki máli heldur lærdómurinn sem barnið öðlast á leiðinni. Mikilvægt er að viðurkenna upplifun barna, án þess að leggja á hana dóm.

Samvinna

Lagt er upp úr því að börn og kennarar læri að vera sveigjanleg, hjálpist að, vinni saman og framfylgi ákvörðunum sínum. Kennarar eru fyrirmyndir barnanna og hvetja þau til sáttfýsi og samvinnu.

Mat á starfinu, matsaðferðir

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Matið skiptist tvennt, þ.e. innra mat og ytra mat. Innrað matið er unnið af kennurum, foreldrum og börnum leikskólans. En ytra matið er unnið af utanaðkomandi aðila á vegum sveitarfélags og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Innra mat í leikskólum

Árlega fylla kennarar út sjálfsmatslista fyrir starfsmannaviðtöl. Í ár notuðum við í annað skipti gátlista Heilsustefnunnar sem er hluti af árlegu innra mati. Stjórnendur ákváðu að taka ekki Eccers kvarðan í ár þar sem skólinn var nýbúinn að fara gegnum ytra mat frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Einnig er símat í gangi allt árið um kring þar sem allir viðburðir og starfið er metið jafnt og þétt.

Ytra mat leikskóla

Leikskólanefnd Kópavogs hefur eftirlit með því að starfsemi Heilsuleikskólans Fífusala samræmist lögum og reglugerðum um leikskóla og aðalnámskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis. Menntasvið Kópavogs ber ábyrgð á framkvæmd ytra matsins.

Annaðhvort ár er lögð fyrir rafræn könnun, annars vegar fyrir foreldra og hins vegar fyrir kennara, þar sem lagt er mat á stjórnun og stjórnendur leikskólans. Menntasvið framkvæmdi starfsánægju könnun meðal starfsmanna.

Í október 2016 unnu starfsmenn Námsmatsstofnunar að ytri úttekt á starfi Heilsuleikskólans Fífusala í Kópavogi. Markmið matsins var gert á grundvelli 17.gr laga um leikskóla nr.90/2008. Skýrsla frá matsaðilum var gefin út í janúar 2017. Í skýrslunni koma fram fjölmargar ábendingar um styrkleika leikskólans sem og tækifæri til umbóta. Umbótaáætlun var unnin í maí 2017 og henni skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Umbótaáætlunin verður kynnt fyrir starfsfólki, foreldraráði og sveitarstjórn ásamt því að fylgja með hér í viðauka.

Skýrslan í heild sinni er á heimasíðu leikskólans

<http://fifusalir.kopavogur.is/media/skiol/Leikskolinn-Fifusalir---Ytra-mat.pdf>

Niðurstöður úr starfsánægjukönnun

Menntasvið framkvæmdi starfsánægjukönnun á meðal starfsmanna, hún var send út tvisvar sinnum vegna villu í fyrstu sendingu. Þannig að í þeirri seinni svöruðu aðeins 14 starfsmenn leikskólans eða 3,75 %. Þetta er því miður ekki marktæk könnun en 13 starfsmenn af 14 eru að flestu leyti ánægðir með alla þætti en einn starfsmaður var ekki sammála öllu eins og t.d að fá tækifæri til að þróa sig í starfi. Þarna var spurt um tengsl milli deilda, vinnuaðstöðu, virðingu milli starfsfólks og ýmislegt fleira.

Gátlisti Heilsustefnunnar

Þetta er annað árið sem leikskólar innan Heilsustefnunnar hafa fengið þennan gátlista og fannst okkur í Fífusölum mikilvægt að hafa hann með í okkar innra mati 2017. Þessi gátlisti nær til níu þátta innan starfsins

- Lífsleikni
- Samskipti
- Líðan
- Næring og sjálfshjálp
- Svefn
- Sjálfshjálp
- Sköpun
- Hreyfing
- Skráningar

Starfsmenn allra deilda leikskólans fylltu út listann. Fjórir möguleikar voru í boði; alltaf, oft, stundum og aldrei. Við vorum með lang flest atriði alltaf eða oft. Eina atriðið sem var aldrei var að fá næringarfræðing til að yfirfara matseðilinn. Frá og með 1. september byrjuðum við að nota matseðla frá Skólum ehf. Þeir eru allir yfirfarnir af næringarfræðingi. Matseðlarnir rúlla á 8 vikum.

Mat á námi og velferð barna

Við upphaf leikskólagöngu í Heilsuleikskólanum Fífusölum fær hvert barn *Heilsubók barnsins*. Í hana er skráð heilsufar, hæð og þyngd, félagsleg færni, úthald, þekking á litum og formum, hreyfifærni, næring og svefn og færni í listsköpun (meðal annars þróun teikninga). Skráningin fer fram tvisvar á ári, að hausti og að vori. Þessi skráning gerir okkur kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins auk þess sem hún er gott tæki til að upplýsa foreldra um stöðu barnsins. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt og auðveldar Heilsubókin okkur að meta styrk hvers og eins. Þá er betur hægt að efla og hvetja hvert einstakt barn svo það geti sem best tekið virkan þátt í leik og starfi. Þegar leikskólagöngu lýkur fær barnið Heilsubókina til eignar og sýnir hún þá þroskaferli barnsins gegnum öll leikskólaárin.

HLJÓM-2

HLJÓM-2 er lagt fyrir öll elstu börnin í Fífusölum, en það er íslensk aldursbundin skimun í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund (hljóð- og málvitund) elstu barna leikskólans. HLJÓM-2 er byggt á rannsóknum sem stóðu yfir í fimm ár og benda niðurstöður til að strax í leikskóla fáist vísbendingar um hvernig lestrarnám muni ganga.

HLJÓM-2 byggist á sjö mismunandi verkefnum sem lögð eru fyrir elsta árgang barna að hausti. Einungis fagfólki leikskóla, með tilskilin réttindi, er heimilt að leggja prófið fyrir.

Niðurstöðurnar eru marktækar vísbendingar um hvaða börn eru í áhættu fyrir síðari lestrarörðugleika og mikilvægar til þess að hægt sé að vinna markvisst með þá þætti sem hugsanlega liggja ekki vel fyrir börnunum, þennan síðasta vetur þeirra í leikskólanum. Þættirnir (leikirnir) sem lagðir eru fyrir tengjast: Rími, samstöfum, hljóðgreiningu, samsettum orðum, margræðum orðum, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu.

Fyrirlögnin tekur u.þ.b. 20-30 mínútur, með hvert barn.

EFI-2

EFI-2 er lagt fyrir öll börn á fjórða ári í Fífusölum. EFI-2 er íslensk aldursbundin skimun í leikjaformi sem kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins. Skimunin byggist á myndabók með sjö myndum sem barn og kennari skoða saman.

Með því að leggja fyrir EFI-2 skimunina fást vísbendingar um hvernig málproski barnsins er miðað við jafnaldra og hvort um er að ræða veikleika á einhverju sviði og hvar styrkur barnsins liggur. Einungis fagfólki leikskóla, með tilskilin réttindi er heimilt að leggja prófið fyrir.

Fyrirlögnin tekur u.þ.b. 10 mínútur, með hvert barn.

Mat á starfi síðastliðins árs

Starfsmannaviðtöl voru haldin á vorönn 2017. Allir starfsmenn komu í viðtal til leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra en stjórnendur hittu bæði leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Var það nýtt fyrirkomulag sem öllum líkaði vel við.

Endurmat skólaársins 2016 – 2017

- Skipulagt tónlistarstarf var í boði fyrir árganga 2011-2013, starfsfólkið var duglegra að nýta hljóðfærin. Auk þess var verið að spila fjölbreyttari tónlist.
- Foreldrar hafa verið kynntir fyrir nýju starfsfólki.
- Upplýsingaflæði leikskólans hefur verið bætt m.a með því að stofna lokaða facebook hópa fyrir hverja deild. Einnig buðu deildastjórar upp á viðtalstíma einu sinni í mánuði.

- Agareglur voru samræmdar innanhús eftir fyrirlestur á skipulagsdegi.
- Höfum unnið að því að auka val/lýðræði elstu barnanna og munum við halda áfram að auka það.
- Ekki hefur gengið nægilega vel að fækka börnum í einu í fataherberginu á eldri gangi.
- Starfsmenn mættu vera virkari í útiveru.
- Smíðja var meira nýtt á auðum tímum.
- Starfsmannahandbækur voru endurnýjaðar.
- Gengið hefur betur að nýta öll svæði leikskólans og fleiri tækifæri fyrir börnin að vera í litlum hópum.
- Opið flæði hefur verið oftar en áður og hefur gengið mjög vel.
- Samvinna milli eldri- og yngri gangs hefur gengið vel.

Umbótaáætlun fyrir 2017-2018

Á hverju ári gera starfsmenn umbótaáætlun varðandi það hvað betur má fara í starfinu.

- Halda áfram að auka val/lýðræði barnanna.
 - Endurskoðað haust 2017 og vor 2018. Ábyrgðaraðilar: Stefanía og Guðbjörg Sv.
- Mætti vera meiri samvinna á eldri gangi, stokka deildir upp af og til, létta á deildum með því að taka t.d. 4 börn af hverri deild fram.
 - Endurskoðað desember 2017 og maí 2018. Ábyrgðaraðilar: deildastjórar á öllum deildum
- Reyna að hafa færri börn í einu í fataherbergi á eldri gangi til að minnka hávaða.
 - Endurskoðað desember 2017 og maí 2018. Ábyrgðaraðilar: deildastjórar á eldri gangi
- Bæta þarf virkni starfsfólks í útiveru.
 - Endurskoðað haust 2017 og vor 2018. Ábyrgðaraðilar: Carmen og Ragnheiður. En skipa þarf einn af hverri deild sem ábyrgðaraðila.
- Hafa oftar Gaman saman á eldri gangi og opið flæði í húsinu. Mætti vera 1x í viku t.d. bjóða upp á Gaman saman um kl. 15.30.
 - Endurskoðað í hverjum mánuði. Ábyrgðaraðilar: deildastjórar á eldri gangi.
- Bæta þarf starfið á yngri gangi eftir hvíld og virkja starfsfólk.
 - Endurskoðað í hverjum mánuði. Ábyrgðaraðilar: Unnur og Elva.

Umbótaráætlun vegna ytra mats er á fylgiskjali 1

Starfsáætlun næsta leikskólaárs

Sérkennsla

Áætlun um sérstakan stuðning við nemendur heilsuleikskólans Fífusala.

Í Heilsuleikskólanum Fífusölum vinnur fjölbreyttur starfsmannahópur að því að koma til móts við nemendur sem þurfa sérstakan stuðning. Má þar nefna þroskþjálfu, leikskólasérkennara, stuðningsfulltrúa og almenna kennara. Önnur sérfræðiþjónusta, svo

sem þjónusta sálfræðinga, iðjuþjálfar, talmeinafræðinga og sérkennsluráðgjafa er veitt gegnum leikskóladeild menntasviðs Kópavogs.

Sérkennslustjóri skólaárið 2017-2018 er Rakel Rós Auðardóttir Snæbjörnsdóttir, þroskaþjálfari og hefur umsjón með sérstökum stuðningi innan leikskólans. Sérkennslustjóri veitir ráðgjöf við foreldra og stuðningsaðila barna innan leikskólans.

Fatlaðir og langveikir nemendur

Stefna leikskólans er að styðja við nemendur með það að markmiði að þeir fylgi sínum hóp og taki þátt í námi og starfi á sínum forsendum. Til þess að koma á mótis við þá nemendur sem þarfnast frekari stuðnings eru stuðningsfulltrúar sem vinna náið með deildastjórum og sérkennslustjóra um velferð þessara barna. Sérstakur stuðningur fyrir þennan hóp barna byggir á þörfum og aðstæðum hvers og eins barns, hvort sem það felur í sér málörvun, sjónörvun, stuðning við félagsfærni eða annað. Þessi stuðningur fer bæði fram í einrúmi, í minni hópum eða í almennu starfi inni á deild, allt eftir getu og þörfum barnsins og þeim markmiðum sem unnið er að. Teymi er í kringum alla nemendur sem sérkennslustjóri heldur utan um. Einstaklingsnámskrá er búin til að hausti í samráði við foreldra og aðra teymismeðlimi og er endurskoðuð reglulega.

Nemendur með hegðunar- og geðraskanir

Nemendur með hegðunar- og geðraskanir eru undir stjórn deildarstjóra. Sérkennari og deildarstjóri skoða saman hvernig best er að koma til móts við nemendur hverju sinni. Oft er unnið eftir ákveðnum aðferðum til að kenna viðeigandi hegðun, notuð umbunarkerfi eða félagsfærnisögur og annað sem hjálpar barninu. Sé talin þörf á er sett fram einstaklingsnámskrá sem er reglulega endurskoðuð. Reglulegir teymisfundir eru haldnir eftir þörfum.

Nemendur sem þarfnast örvunar í máli eða félagsfærni

Nemendur sem þarfnast málörvunar eða stuðnings í félagsfærni eru undir stjórn deildarstjóra. Sérkennari og deildarstjóri skoða saman hvernig best er að koma til móts við nemendur hverju sinni. Oftast fara börnin í málörvunarhópa hjá leikskólasérkennara, ýmist í styttri eða lengri tíma. Auk þess er skoðað hvort auka þurfi örvun í almennu starfi. Börn sem þurfa félagslega styrkingu fara gjarnan í litla félagsfærnihópa auk þess sem unnið er í minni hópum inni á deild til að bæta félagsfærni. Sé talin þörf á er sett fram einstaklingsnámskrá sem er reglulega endurskoðuð. Reglulegir teymisfundir eru haldnir eftir þörfum.

Nemendur sem þurfa sérstakan stuðning er falla ekki undir viðmið um úthlutun

Leikskólinn Fífusalir leggur metnað sinn í að koma til móts við alla nemendur. Þegar nemandi þarf sérstakan stuðning er rætt við foreldra og farið yfir stöðu hans. Allt inngríp er með samþykki foreldra og hefur deildarstjóri yfirumsjón með því sem gert er. Misjafnt er hvað gert er hverju sinni en meðal annars má nefna sérstakan stuðning inni á deild, einstaklingsnámskrá, málörvun eða annað. Stuðningur getur verið í lengri eða skemmri tíma.

Næsta skólaár er gert ráð fyrir að fimm börn þurfi mikinn stuðning við daglegt líf og tólf til viðbótar þurfi annars konar sérkennslu. Áfram verða málörvunar- og einbeitingahópar, tímarnir eru byggðir á því að spila og leysa ýmis verkefni.

Daglegt skipulag

Hver dagur felur í sér ákveðnar hefðir og athafnir þar sem það veitir börnum öryggi og festu. Hins vegar erum við óhrædd við að breyta til þegar sérstakir dagar eru, veðrið leikur við okkur eða bara stemning fyrir að gera eitthvað nýtt.

Sumartímar: Á sumrin breytist skólastarfið talsvert, hópastarf í Smiðju og Leikvangi fellur niður, en í staðinn er lögð áhersla á útiveru, vettvangsferðir og skapandi starf í sem fjölbreyttastri mynd.

Skipulagsdagar

Hvert skólaár er varðað af ákveðnum hefðum og tilbreytingum sem brjóta upp starfið og gefa því meiri lit. Þessir viðburðir eru inn á skóladagatali leikskólans.

Leikskólinn opnar aftur eftir sumarlokun klukkan 13:00 þann 8. ágúst 2017.

Næsta skólaár verða 5 skipulagsdagar, en eins og síðasta ár eru skipulagsdagar samræmdir fyrir leikskólana í Kópavogi.

Skipulagsdagar næsta skólaár verða:

- 21. ágúst
- 6. október
- 2. janúar
- 13. mars
- 18. maí

Fjöldi barna, aðlögun og útskrift

Haustið 2017 verða 111 börn í Fífusölum. Þar af eru fimm börn sem áætlað er að þurfi stuðningstíma og tólf sem þurfa annars konar sérkennslu.

Haustið 2017 tókum við inn a.m.k 23 ný börn. Í Fífusölum er notuð þátttökuaðlögun.

Foreldrar og/eða forráðamenn barna sem byrja í leikskólanum haustið 2017 voru boðaðir á fund í leikskólanum 9. maí 2017. Þá var skólinn kynntur, aðlögunarferli lýst og skrifað undir dvalarsamninga.

Í þátttökuaðlögun eru foreldrar virkir þátttakendur í aðlögun barna sinna og eru með þeim í leikskólanum í þrjá daga. Þá daga sjá foreldrar um allar þarfir barna sinna, hvort sem það er að klæða þau, skipta á þeim, leika við þau eða gefa þeim að borða. Á þriðja degi kveðja foreldrar börnin í útiveru fyrir hádegi og koma aftur að hvíld lokinni. Á öðrum degi aðlögunnar er foreldrum boðið upp á að hlýða á fyrirlestur varðandi dagskipulag skólans, uppeldiskenningar og aðrar mikilvægar upplýsingar á meðan hvíldin er. Markmið þátttökuaðlögunar er að foreldrar og börn læri að vera saman í leikskólanum og skapi þannig öryggi og traust barnanna gagnvart leikskóladvölinni.

Útskrift elstu barna leikskólans var laugardaginn 10. júní. Líkt og síðasta skólaár var útskriftarbörnum boðið að gista í leikskólanum eina nótt, frá föstudeginum 9. júní til laugardagsins 10. júní og þáðu öll börnin 22 það. Dagskrá á föstudeginum stóð frá 17:00 - 22:30. Byrjað var á að fara í ratleik þar sem tveir starfsmenn voru með hvern hóp. Að honum loknum bjó hvert barn til sína eigin pizzu. Eftir mat var frjáls tími og síðan var haldið náttfatapartý þar sem börnin dönsuðu og skemmtu sér. Upp úr 21:00 var róleg stund yfir sjónvarpinu. Um 21.30 fóru börnin í háttinn og sofnuðu öll mjög fljótlega. Foreldrum var boðið í morgunmat daginn eftir og formleg útskrift í beinu framhaldi af því þar sem börnin fengu afhent útskriftarskjöl og rósir. Hefur þetta fyrirkomulag gefið góða raun og er því orðið að fastri hefð hér í Heilsuleikskólanum Fífusölum.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Síðastliðið skólaár opnuðum við lokaða facebook hópa fyrir allar deildir leikskólans en með henni geta foreldrar fylgst enn betur með því sem við erum að gera.

Leikskólar Kópavogs ásamt menntasviði tóku þátt í Læsisverkefni veturinn 2016 - 2017.

Það helsta sem gert var er eftirfarandi :

- Gerðum ritmál sýnilegra
- Bættum sjónrænt skipulag
- Settum nýjar vísur og þulur í hverjum mánuði á hvert matarborð sem börnin fóru með daglega eftir hádegismat
- Keypt var töluvert af spilum og bókum sem eflir orðaforða og skilning á læsi
- Keyptir voru allskonar stafir
- Buðum upp á fyrirlestur um læsi fyrir starfsfólk og foreldra
- Stafadúkur var keyptur
- Bættum skriffærum við sem viðbót við efnivið/leikefni
- Spilasafnið var merkt og flokkað
- Spurningarlisti var settur aftan í nokkrar bækur sem starfsfólk gat nýtt sér til að spyrja börnin út í söguna

Í endurmati voru flestir mjög ánægðir með þetta verkefni, sem við eigum eftir að nýta okkur áfram í leikskólanum.

Vináttuverkefni Barnaheilla

Við tókum þátt í vináttuverkefni Barnaheilla á skólaárinu með elstu börn leikskólans. Næsta skólaár ætlum við að bæta við einum árgangi og þá verða tveir elstu árgangarnir þátttakendur í vináttuverkefninu. Elstu börnunum var skipt niður í tvo hópa í vetur og var unnið með hvorn hóp tvisvar sinnum í viku í vináttuverkefninu. Lögð var áhersla á umræðu um vináttu og spjöld sem fylgdu verkefninu nýtt til þess. Bangsinn Blær kom fljótlega til sögunnar og fylgdi okkur, einnig sungum við friðarsöng í upphafi hverrar stundar. Stundir voru vel nýttar, við lásum vináttusögur, fórum í slökun, í vettvangsferðir og unnum verkefni tengd vináttu og læsi.

Nordplusverkefni

Vorið 2016 fengum við styrk frá Nordplus í samvinnu við leikskóla og tónlistaskóla í Lettlandi, Eistlandi, Litháen og Finnlandi. Í verkefninu sem heitir VIVA LA MUSICA er lögð áhersla á tjáningu í gegnum tónlist, tónlistartengda leiki, tónlist og náttúru og hljóðfæragerð. Þetta hefur verið mjög fræðandi og gefandi verkefni þar sem kennarar ferðast milli landa til að kynna sér það sem hinir eru með. Verkefninu mun ljúka í nóvember 2017.

Kynning á leikskólanum

Skólaárið hefst alltaf á því að kynna starf skólans, starfsáætlun og skóladagatal fyrir foreldrum á aðalfundi foreldrafélagsins sem haldinn er í leikskólanum.

Samstarf

Foreldrasamstarf

Við leggjum sérstaka áherslu á að taka vel á móti öllum börnum og foreldrum. Við viljum að allir finni fyrir vingarlegu viðmóti og trausti. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu í opnum samskiptum. Við sýnum fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og menntun barna sinna og leggjum við því áherslu á góða samvinnu kennara og foreldra.

Upplýsingaflæði milli leikskóla og heimilis er mikilvægt og foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu. Deildastjórar bjóða upp á aðlögunarviðtöl og er það val foreldra hvort þeir þiggja viðtal. Almenn foreldraviðtöl eru haldin einu sinni á ári, en því til viðbótar geta foreldrar alltaf beðið um viðtalstíma við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra.

Reglulega eru send út fréttabréf, auk þess sem ýmsar hagnýtar upplýsingar koma fram á heimasíðu leikskólans. Einnig skrifa deildastjórar um daglegt starf í dagbókarfærslu á heimasíðu og/eða senda út tölvupósta einu sinni í viku.

Foreldrafélag og foreldraráð

Foreldrafélag er starfandi í leikskólanum sem fundar tvisvar á ári, en þess á milli fara samskiptin að mestu leyti fram í gegnum tölvupóst og facebookhóp stjórnar. Í stjórn eru sex foreldrar og fundi sitja þar að auki tveir kennarar sem tengiliðir leikskólans. Foreldrafélagið skipuleggur hina ýmsu viðburði í samstarfi við leikskólann, þar má nefna að í ár var jólaleikrit sýnt í leikskólanum, börnin fengu pakka frá jólasveininum og í jólakaffinu bauð foreldrafélagið upp á heitt súkkulaði með piparkökum. Leikhópurinn Lotta kom í heimsókn á sumarhátíð leikskólans þann 19. júní, ásamt því að foreldrafélagið bauð upp á Duo Stemma í tengslum við Nord plús verkefnið okkar Viva la musica. Í ár hefur ekki þurft að bæta við sólarvarnir þar sem það er til afgangur frá sl. sumri en annars hefur foreldrafélagið séð um að kaupa hana. Þetta er góð viðbót við leikskólastarfið og þökkum við kærlega fyrir það.

Í leikskólanum starfar einnig foreldraráð sem fundar reglulega. Í því eru þrír foreldrar, einn kennari og leikskólastjóri. Foreldraráð kemur að faglegu starfi leikskólans og les meðal annars yfir árlega starfsáætlun.

Samstarf við aðrar stofnanir bæjarins

Salaskóli er okkar samstarfsskóli og hitta elstu börn leikskólans og kennarar þeirra, börn og kennara úr Salaskóla þrisvar til fjórum sinnum yfir skólaárið.

Við eigum gott samstarf við Salaskóla þar sem elstu börn leikskólans flytjast yfir í dægradvöl grunnskólans í byrjun júní. Markmiðið með þessu er að börnin aðlagist umhverfi skólans áður en eiginlegt nám þeirra hefst og eru þau því betur undirbúin fyrir grunnskólagöngu sína um haustið. Elstu börnin í Rjúpnahæð og kennarar þeirra eru með okkur í sumarskólanum sumarið 2017.

Rjúpnalundur er sameiginleg útikennslustofa Fífusala, Rjúpnahæðar og Salaskóla, staðsett í Rjúpnahæðinni.

Stjórnendur leikskólans, deildastjórar og sérkennslustjóri hafa átt gott samstarf við aðrar stofnanir bæjarins svo sem Gerðarsafn, Bókasafn Kópavogs, Lindasafn, Heilsugæsluna í Salahverfi, Lindakirkju, Salalaug og Gerplu.

Starfsmenn

Í Heilsuleikskólanum Fífusölum er gert ráð fyrir 18,75 stöðugildum vegna barngilda auk 3,9 stöðugilda í sérkennslu. Í afleysingum fyrir undirbúning og veikindi er 3,48 stöðugildi. Auk þess er leikskólastjóri í 1,0 stöðugildi og aðstoðarleikskólastjóri í 50% stjórnendastöðu, sérkennslustjóri í 75% stöðu. Heildar stöðugildi fyrir leikskólann er 32,1 stöðugildi. Menntun	Fjöldi	Stöðugildi
Leikskólakennarar	9	7,81
Þroskaþjálfar	1	1
Íþróttakennari	1	0,5
Aðrir starfsmenn háskólamenntaðir	6	5,84
Leikskólaliði og nemar á leikskólabró	1	1
Eldhús	2	2
Leiðbeinendur	19	15,8
Samtals	39	32,95

Fæðingarorlof

Þrír kennarar voru í fæðingarorlofi síðasta skólaár, einn þroskaþjálfari, einn leikskólakennari og einn grunnskólakennari.

Tveir komu til baka á vorönn 2017 og einn kemur til baka haustið 2017.

Langtímaveikindi

Tveir starfsmenn eru búnir að vera í langtímaveikindum allt skólaárið.

Fundir

- Skilaboðafundir eru haldnir alla morgna, þar koma fram skilaboð sem þurfa að fara inn á allar deildir.
- Deildastjórafundir eru haldnir að jafnaði þrisvar til fjórum sinnum í mánuði.
- Fagfundir eru haldnir að lágmarki tvisvar sinnum á ári, en stendur til að auka þá í fjóra, tvo á hverri önn næsta skólaár.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru með samráðsfundi á hverjum degi.
- Samráð við sérkennslustjóra er eftir þörfum.
- Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri fara í handleiðslu að meðaltali einu sinni í mánuði.
- Deildafundir eru haldnir um það bil einu sinni í mánuði.
- Gangafundir eru haldnir eftir þörfum.

Skipulagsdagar 2016 – 2017

Síðastliðið skólaár voru fimm og hálfur skipulagsdagar, tveir á haustönn og þrír á vorönn. Skipulagsdagarnir voru nýttir á fjölbreyttan hátt:

9. september – Eftir hádegi

Rætt um öryggishandbók, vetrarstarfið, ábyrgðarsvæði, undirbúningstímar, farið yfir læsisverkefni og verkefni Barnaheilla.

7. október

Sameiginlegur skipulagsdagur með leikskólum og grunnskólum Kópavogs vegna læsisstefnu Kópavogs var fyrir hádegi. Slysavarnanámskeið var haldið eftir hádegi.

21. nóvember

Bára Kolbrún sálfræðingur var með fyrirlestur um aga barna. Deildafundir og námskeiðið Leikur að læra með Kristínu Einarsdóttur.

2. janúar

Unnið í heilsubók barnsins og Ásmundur K. Örnólfsson var með fyrirlestur um læsi.

14. mars

Barnavernd kom með erindi, deildafundir og nordplusverkefni kynnt. Eypór Eðvards var með fyrirlestur um samskipti á vinnustöðum.

17. maí

Endurmat, deildafundir, starfsáætlun, umbótaráætlun, skipuleggja sumarstarfið.

Endur- og símenntunaráætlun

Allir kennarar Heilsuleikskólans Fífusala voru hvattir til að kynna sér símenntunaráætlun menntanefndar sveitarfélagsins. Út frá áætluninni völdu kennarar sér námskeið eftir áhugasviði sem þeir fóru á fyrir hönd leikskólans. Miðað var við að hver kennari veldi sér eitt námskeið, fyrirlestur eða kynningu á hvorri önn.

Meðal annars voru eftirfarandi námskeið sótt af kennurum leikskólans:

Þrír kennarar fóru á námskeið Barnaheilla, tveir kennarar fóru á Rannung ráðstefnu um kennslu 5 ára barna. Fimm kennarar fóru á námskeið í atferlisþjálfun á vegum greiningar og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Þrír fóru á námskeið um hegðunarvanda barna. Einn kennari fór á EFI-2 námskeið. Deildastjórar fóru á námskeið um jákvæða sálfræði sem var einu sinni í viku í fjórar vikur. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru á námskeið um forsjármá. Síðan var mikið um góð námskeið á skipulagsdögum eins og Leikur að læra og margt fleira.

Öryggismál

Ef upp koma óhöpp, veikindi eða slys byrjum við ávallt á því að hringja í foreldra. Við nýtum vel þjónustu Heilsugæslunnar í Salahverfi, sem er við hlið leikskólans, en ef um alvarleg slys er að ræða er hringt á sjúkrabíl. Ávallt er fyllt út slysaskráningarblað þegar barn slasast í leikskólanum.

Á hverri deild er hringur með upplýsingum um skyndihjálp auk viðbragðsáætlana vegna slysa og eldsvoða. Þar eru einnig helstu upplýsingar um hvert barn á deildinni með símanúmerum forráðamanna og mynd af barninu.

Einn kennari og aðstoðarleikskólastjóri gegna hlutverki öryggistrúnaðarmanns og öryggisvarðar. Eftirlitið fer fram hjá utanaðkomandi aðilum en ef eitthvað kemur upp á

höfum við haft samband við áhaldahús Kópavogsbæjar og þeir hafa brugðist skjótt við. Stefnt er að því að hafa brunaæfingu að minnsta kosti einu sinni á hverju skólaári.

Lokaorð

Þá er þessu starfsári að ljúka sem hefur einkennst af mikilli vinnu við nána skoðun á starfinu í Heilsuleikskólanum Fífusölum. Við vorum svo heppin að fá tvo utanaðkomandi aðila frá menntastofnum sem dvöldu hér í viku og tóku út starfið okkar með bæði eigindlegum og megingindlegum rannsóknum. Það voru teknir rýnihópar með foreldrum, börnum og kennurum. Við lærðum vel að rýna til gagns og er enn mikil vinna eftir til að gera góðan skóla enn betri en við erum ótrúlega stolt af þeim niðurstöðum sem við fengum. Starfsfólkið mitt er að gera mjög góða hluti samkvæmt þessu mati og eru bæði börn og foreldrar ánægðir með skólastarfið okkar. Þess má geta að það sem stóð upp úr í vor var næturgisting og útskrift elstu barnanna. Það er mikil uppskera fyrir okkur kennara að standa hér á laugardagsmorgni eftir sólarhringsvinnu og sjá hvað allir eru glaðir og fá faðmlög, gjafir og þakklæti frá foreldrum og börnum.

Það sem eftir er af ytra mati er að halda vel áfram með umbótaráætlun í samvinnu við menntasvið Kópavogs og aðra aðila sem þurfa að koma að þeirri vinnu sem snýr að viðhaldi og öðru. Við höldum áfram með allt sem snýr að innra mati stolt og glöð.

Í ár er starfsáætlun með öðru sniði en áður vegna ytra mats en við setjum inn nokkra viðauka í lokin til að hægt sé að sjá allt það sem er búið að vinna frá ytra mati og umbótaráætlun eins og fram hefur komið.

Þriðja Nord plús verkefnið okkar er búið að gefa starfinu mikið, það er mjög fræðandi fyrir okkur sem kennara að ferðast til framandi landa kynnast menningu og skólastarfi ásamt því hvað það er líka lærdómsríkt fyrir okkur að taka á móti gestum. En 9 kennarar frá Lettlandi, Litháen, Eistalndi og Finnlandi dvöldu hjá okkur í fimm daga í júní.

Samstarfið við foreldraráð í ár hefur verið ómetanlegt og vil ég þakka þeim kærlega fyrir stuðning og góðar ábendingar.

Við hlökkum til næsta skólaárs, með hlýjum kveðjum


Kópavogi, júní 2017,
Erla Stefanía Magnúsdóttir

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 Þ		1 F		1 S		1 M		1 F	Fullveldisdagurinn	1 M	Nýársdagur	1 F		1 F		1 S	Páskadagur	1 Þ	Verkaþósdagurinn	1 F	
2 M		2 L		2 M		2 F		2 L		2 Þ	Skipulagsdagur- Lokað	2 F	Dagur stærðfræðinnar	2 F		2 M	Annar í páskum	2 M	Ávæta og grænmetisdagur	2 L	
3 F		3 S		3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 L		3 L		3 Þ		3 F		3 S	Sjómanna dagurinn
4 F		4 M		4 M	Ávæta og grænmetisdagur	4 L		4 M		4 F		4 S		4 S		4 M	Ávæta og grænmetisdagur	4 F		4 M	
5 L		5 Þ		5 F		5 S		5 Þ		5 F	Brettándabrenna	5 M		5 M		5 F		5 L		5 Þ	
6 S		6 M	Ávæta og grænmetisdagur	6 F	Skipulagsdagur- Lokað	6 M		6 M	Ávæta og grænmetisdagur	6 L	Brettándinn	6 Þ	Dagur leikskólans	6 Þ		6 F		6 S		6 M	Ávæta og grænmetisdagur
7 M	Frídagur verslunarmanna	7 F		7 L		7 Þ		7 F		7 S		7 M	Ávæta og grænmetisdagur	7 M	Ávæta og grænmetisdagur	7 L		7 M		7 F	
8 Þ	Leikskólinn opnar kl. 13.00	8 F	Dagur læsis	8 S		8 M	Ávæta og grænmetisdagur	8 F		8 M	Rafmagnslausdagur í vikunni	8 F		8 F		8 S		8 Þ	Heilsudagur	8 F	Gisting elstu barnanna
9 M		9 L		9 M	Brunavika	9 F		9 L		9 Þ		9 F		9 F		9 M	Gulur dagur	9 M		9 L	Útskrift
10 F		10 S		10 Þ		10 F		10 S		10 M	Ávæta og grænmetisdagur	10 L		10 L		10 Þ	Reiður dagur	10 F	Uppstigningardagur	10 S	
11 F		11 M		11 M		11 L		11 M	Skreyta jólatréð í vikunni	11 F		11 S		11 S		11 M	Grænn dagur	11 F		11 M	
12 L		12 Þ		12 F	Dótadagur	12 S		12 Þ		12 F		12 M	Bolludagur	12 M		12 F	Blár dagur	12 L		12 Þ	
13 S		13 M		13 F		13 M		13 M		13 L		13 Þ	Sprengidagur	13 Þ	Skipulagsdagur- Lokað	13 F	Regnbogaball	13 S		13 M	
14 M		14 F		14 L		14 Þ		14 F		14 S		14 M	Óskudagur	14 M		14 L		14 M		14 F	
15 Þ		15 F		15 S		15 M		15 F	Jólaball og jólamatur	15 M		15 F		15 F		15 S		15 Þ		15 F	
16 M		16 L	Dagur íslenskrar náttúru	16 M		16 F	Afmæli leikskólans	16 L		16 Þ		16 F	Konudagskaffi	16 F		16 M		16 M		16 L	
17 F		17 S		17 Þ		17 F		17 S		17 M		17 L		17 L		17 Þ		17 F		17 S	Lýðveldisdagurinn
18 F		18 M		18 M		18 L		18 M		18 F		18 S	Konudagur	18 S		18 M		18 F	Skipulagsdagur- Lokað	18 M	Sumarhátíð í vikunni
19 L		19 Þ		19 F		19 S		19 Þ		19 F	Blóndadagur-herrakaffi	19 M		19 M		19 F	Sumardagurinn fyrsti	19 L		19 Þ	
20 S		20 M		20 F		20 M		20 M		20 L		20 Þ		20 Þ		20 F		20 S	Hvítasunnudagur	20 M	
21 M	Skipulagsdagur- Lokað	21 F		21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 M		21 L		21 M	Annar í hvítasunnu	21 F	
22 Þ		22 F		22 S		22 M		22 F		22 M		22 F		22 F		22 S		22 Þ		22 F	
23 M		23 L		23 M		23 F		23 L	Þorláksmessa	23 Þ		23 F		23 F		23 M		23 M		23 L	
24 F		24 S		24 Þ		24 F		24 S	Aðfangadagur jóla	24 M		24 L		24 L		24 Þ		24 F		24 S	
25 F		25 M		25 M		25 L		25 M	Jóladagur	25 F		25 S		25 S	Pálmasunnudagur	25 M		25 F		25 M	
26 L		26 Þ	Evrópski tungumáladagurinn	26 F		26 S		26 Þ	Annar í jólum	26 F		26 M		26 M		26 F		26 L		26 Þ	
27 S		27 M		27 F	Bangsadagur	27 M	Þjálfaradagur	27 M		27 L		27 Þ		27 Þ		27 F		27 S		27 M	
28 M		28 F		28 L		28 Þ	Þjálfaradagur	28 F		28 S		28 M		28 M		28 L		28 M		28 F	
29 Þ		29 F		29 S		29 M	Þjálfaradagur	29 F		29 M				29 F	Skírdagur	29 S		29 Þ		29 F	
30 M		30 L		30 M		30 F	Kakó og þjálfaradagur	30 L		30 Þ				30 F	Föstudagurinn langi	30 M		30 M		30 L	
31 F				31 Þ				31 S	Gamlaársdagur	31 M				31 L				31 F			

Leikskólastjóri




Aðstoðarleikskólastjóri
Staðgengill leikskólastjóra



Verkferli sérkennslu í Heilsuleikskólanum

Fífusölum



Leikskólastjóri

Aðstoðarleikskólastjóri

Þegar stjórnendur fá upplýsingar um atvik sem þarf að takast á við fara eftirfarandi verkferlar í gang



Yfirstjórnendur kalla viðkomandi starfsmann í viðtal. Starfsmaðurinn ræður hvort trúnaðarmaður viðkomandi er boðaður með honum. Málin eru rædd og starfsmaðurinn skrifar undir það að umræður hafi átt sér stað og hvað þarf að bæta og hvernær á að hittast næst.

Oft leitað eftir ráðgjöf til Menntasviðs fyrir viðtöl

Málið leyst

Ef viðkomandi starfsmaður hefur ekki bætt sig eftir tvo viðtöl þar sem skjöl eru undirrituð, þá tekur Menntasvið við málinu.



Umbótaáætlun í kjölfar ytra mats á Heilsuleikskólanum Fífusölum.

Í október 2016 unnu starfsmenn Menntamálastofnunar að ytri úttekt á starfi Heilsuleikskólans Fífusala í Kópavogi. Markmið matsins var gert á grundvelli 17.gr laga um leikskóla nr.90/2008. Skýrsla frá matsaðilum var gefin út í janúar 2017. Í skýrslunni koma fram fjölmargar ábendingar um styrkleika leikskólans sem og tækifæri til umbóta. Umbótaáætlunin verður kynnt fyrir starfsfólki, foreldraráði og sveitarstjórn.

Matspáttur	Tækifæri til úrbóta skv. skýrslu	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Tímarammi	Hvernig metið
Leikskólinn og umhverfi hans	Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla	Kópavogsbær býður starfsfólki leikskóla námsstyrk á meðan á námi til leikskólakennaramenntunar stendur yfir, þ.e. allt að 7 árum. Þegar hafa 4 þegið þennan styrk og mun leikskólastjóri halda áfram að hvetja starfsfólk í námið. Auk þess er stöðugt auglýst eftir leikskólakennurum.	Leikskólastjóri	Verður unnið áfram um ókominn tíma.	Tekin er saman fjöldi leikskólakennara á hverju vori.
	Loftgæði og viðhald innanhúss.	Stýringu á gólfhita á "litla gangi" verður breytt. Leikskólinn verður málaður að innan. Unnin verður tillaga að bættri aðstöðu til fundar og sérkennslu. Verður lagt fyrir næstu fjárhagsáætlun.	Deildarstjóri eignadeildar. Leikskólastjóri	Lok árs 2017	
	Bæta aðstöðu til fundar og sérkennslu.			Áætlað að ljúki í lok árs 2018	
	Bæta salernisaðstöðu starfsfólks.	Búið að bæta aðstöðu starfsmanna - skápar fyrir útiföt voru settir upp.	Leikskólastjóri	Lokið	
	Viðhald innanhúss.	Leikskólinn verður málaður að innan.	Deildarstjóri eignadeildar	Lok árs 2017	

	Útileiksvæði. Komin tími til að yfirfara og laga ýmsa hluti á lóð leikskólans, t.d. fallvörn við rólur, rólur fyrir yngstu börnin, almennt undirlag og moldarsvað á leiksvæði. Vatnssöfnun er á ýmsum stöðum lóðarinnar.	Útileiksvæðið verður lagað í sumar, þ.e. fallvörn við rólur, moldarsvaðið og vatnssöfnun á leiksvæðinu. Alsherjar endurbætur á útileiksvæði er á áætlun hjá bænum þá verða t.d. rólur fyrir yngstu börnin skoðaðar. Sjá nánar skýrslu Kópavogsbæjar um Skemmtilegri leiksskólalóðir.	Garðyrkjustjóri	Haustið 2017	
	Vinna með gildi leikskólans.	Á fyrsta skipulagsdegi í haust verður haldin fyrirlestur um gildi leikskólans. Í gegnum skólaárið verður unnið með eitt gildi sem þema fyrir hvern mánuð.	Leikskólastjóri	Skólaárið 2017-2018	
Stjórnun og ytri tengsl	Skrá þarf verkaskiptingu stjórnenda og gera skipurit fyrir leikskólann.	Stjórnendur hafa gert með sér skriflega verkaskiptingu.	Leikskólastjóri	Vinnu lokið	
	Deildarfundi þarf að halda reglulega og efla mætti faglega umræðu, t.d. með fagfundum.	Deildarfundir verða haldnir 3-4 sinnum í mánuði. Fagfundirnir verða reglulega og ákveðnir að hausti fyrir allt skólaárið. Þar verður unnið með gildi leikskólans, samskipti, lýðræði og fleira .	Leikskólastjóri	Skólaárið 2017-2018	
	Skólanámskrá sýnileg á heimasíðu.	Á heimasíðu er skólanámskráin sýnileg.	Leikskólastjóri ásamt vefstjóra	feb.17	
	Vinna þarf símenntunaráætlun fyrir leikskólann.	Sett verður fram símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2017-2018. Unnið verður að heilsueflandi skóla fyrir starfsfólk og börn. Haldnir verða fyrirlestrar um heilsu og geðrækt.	Leikskólastjóri	Haust 2017	
	Erfið mál innan starfsmannahópsins.	Unnið verður eftir skipuriti leikskólans. Sjá fylgiskjal.	Leikskólastjóri	Vor 2017	Endurmetið eftir hvert tilfelli.

	Vinna að því að efla starfsanda.	Hluti af skipulagsdögum verða nýttir til ýmissa tækifæra til að styrkja starfsmannahópinn með samvinnuleikjum og uppákomum.	Stjórnendur	Vor 2017	Metið eftir starfsmannasamtöl á vorönn.
	Vinna þarf að bættum samskiptum á milli leikskólastjóra og starfsmanna leikskóladeildar menntasviðs.	Fenginn verður óháður utanaðkomandi sérfræðingur til að koma á virkari samskiptum á milli leikskólastjóra og starfsmanna leikskóladeildar.	Deildarstjóri leikskóladeildar	Skólaárið 2017-2018	
	Foreldrahandbók.	Foreldrar fá afhentar allar upplýsingar á fundi með stjórnendum á meðan á aðlögun barns stendur.	Leikskólastjóri	Lokið	
	Endurskoða starfsmannahandbók.	Starfsmannahandabókin var endurskoðuð.	Leikskólastjóri	Lokið	
	Leikskólastjóri og aðstoðarstjóri fylgjast með námi leikskólabarna og veita starfsfólki endurgjöf.	Störf stjórnenda verða endurskipulögð m.t.t. að skapa tíma svo stjórnendur geti fylgst betur með námi leikskólabarnanna og veitt starfsfólki endurgjöf.	Leikskólastjóri	Skólaárið 2017-2018	Í starfsmannasamtölu m að vori.
Uppeldis og menntastarf	Hafa leikefni í hæð barna.	Leikefni hefur verið fært í hæð barnanna.	Stjórnendur	Skólaárið 2017-2018	
	Ritmál sýnilegra.	Leikefni og húsgögn verða merkt með tákni og ritmáli.	Stjórnendur	Skólaárið 2017-2018	
	Efla sjálfstæði barna.	Frumkvæði barna er eflt og styrkt þannig að þau verði hæfari til að taka þátt í lýðræðislegum ákvörðunum er varða líf þeirra og leik. Boðið verður upp á meira val á leik og viðfangsefnum.	Stjórnendur	Skólaárið 2017-2018	Með mati á ánægju og líðan barnanna.
	Fagleg leiðbeining starfsfólks í smiðju.	Fundur með viðkomandi og túlki. Fór á tveggja daga námskeið og í heimsóknir á aðra skóla til að afla sér þekkingar. Verður með kynningu á faglegu starfi vetrarins á fyrsta skipulagsdegi í haust.	Leikskólastjóri	Skólaárið 2017-2018	

	Samvinna og flæði milli ganga.	Verður endurskoðað með það að markmiði að auka flæðið á milli ganga. Til dæmis verður aukin samvinna starfsmanna á meðan hvíld er á yngri gangi. Þá fari starfsmenn yfir á eldri gang og leysi þar af. Samverustundir verða haldnar sameiginlegar með reglulegu millibili.	Leikskólastjóri	Skólaárið 2017-2018	
	Efla mætti faglegt starf milli deilda.	Markvissara samstarf verður skipulagt í tengslum við deildar- og fagfundi. Þegar hefur verið fengin handleiðsla fyrir stjórendur skólans til að styrkja enn frekar faglegt starf og samstarfið innan leikskólans.	Leikskólastjóri	Vinna hafin	
	Efla þarf lýðræðislega þátttöku barna í öllu skólastarfi.	Fræðsla til starfsfólks um hvað lýðræðisleg þátttaka er, til að styðja og styrkja það að börnin getir fengið tækifæri til að taka lýðræðislegar ákvarðarnir. Leshópar settir af stað að hausti um efnið.	Leikskólastjóri	Vinna hefst í haust	Með mati á ánægju og líðan barnanna.
Foreldra-samvinna	Skrifleg áætlun um samstarf við grunnskóla.	Skrifleg áætlun um samstarf við grunnskóla verður sett í starfsáætlun fyrir skólaárið 2018 -2019.	Leikskólastjóri	Vor 2018	
	Fundargerðir birtar vegna foreldrafélags og foreldraráðs á heimasíðu leikskólans.	Fundargerðir settar á heimasíðu.	Leikskólastjóri/vef stjóri	Skólaárið 2017-2018	
Skóli án aðgreiningar	Gera skipulag og verkferla sérkennslu skriflega.	Áætlun um sérkennslu og skriflegir verkferlar hafa verið gerðir. Sjá fylgiskjöl. Beiðnablað útbúið, frá deildarstjórum til sérkennslustjóra.	Leikskólastjóri sérkennslustjóri	Vinnu lokið	

	Efla samvinnu, ráðgjöf og leiðbeiningar þeirra sem koma að sérkennslu.	Skipulagðir ráðgjafafundir sérkennslustjóra og þeirra sem koma að sérkennslu eru settir mánaðarlega yfir skólaárið. Aðrir fundir hafa verið skipulagðir með þeim sem við á.	Leikskólastjóri og sérkennslustjóri	Vinnu lokið	
	Útbúa skriflegt verklag um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku.	Drög hefur verið gerð að móttökuáætlun fyrir börn með annað tungumál en íslensku.	Leikskólastjóri/ sérkennslustjóri	Skólaárið 2017-2018	
	Áhersla á að málörvun barna fari fram með barnahópnum.	Með markvissari hætti verður fylgst með framförum barnanna og verður stuðst við Hljóm 2 og EFI 2. Börn sem þarfnast sérstakar málörvunar fara saman til sérkennara og vinna alls kyns málörvunarverkefni. Unnið með bókarlestur, rím og læsi inni á deildum.	Leikskólastjóri	Vinna alltaf í gangi	
Innra mat	Móta ætti matsáætlun til lengri tíma og birta í skólanámskrá og starfsáætlun.	Hafin er vinna í samstarfi við stjórnendur leikskólanna og leikskóladeildar við að endurskoða innra mat skólanna. Í þeirri vinnu verður farið yfir gerð matsáætlana og stofnun matsteyma fyrir hvern leikskóla.	Deildarstjóri leikskóladeildar og leikskólastjórar	Vinna er hafin og henni lýkur haustið 2018	
	Gera þarf nákvæma matsáætlun fyrir hvert skólaár, tilgreina ábyrgðaraðila.				
	Stofnun matsteymis þar sem sitja fulltrúar starfsfólks, stjórnenda og foreldra.				

	Leikskólinn ætti að leita leiða til að fá alla hagsmunaaðila, börn, foreldra og starfsmenn að ákvörðunum um innra mat.				
	Greina þarf styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir innra matið í heild sinni.				
	Gera þarf nákvæma umbótaáætlun, tímasetja aðgerðir og ábyrgðaraðilar tilgreindir.				
	Aðlaga þarf ECCERS kvarðann að aðalnámskrá leikskóla 2011, ef áfram á að styðjast við hann sem matstæki.	Þýðandi ECCERS kvarðann vinnur að málinu.	Leikskólaráðgjafi leikskóladeildar	Vinna er hafin	